

Glertrygging

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. gr.	Hverjir eru vátryggðir?	3
2. gr.	Vátryggingarsvið.....	3
3. gr.	Undanþegin áhætta sem vátryggja má sérstaklega	3
4. gr.	Vátryggingin tekur ekki til:	3
5. gr.	Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.....	3
6. gr.	Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar	3
7. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	4
8. gr.	Vátryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar	4
9. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	5
10. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	5
11. gr.	Brot á varúðarreglum.....	5
12. gr.	Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs - reglur um samsömun.....	5
13. gr.	Aukin áhætta	5
14. gr.	Undirtrygging.....	5
15. gr.	Tvítrygging	5
16. gr.	Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts	6
17. gr.	Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns	6
18. gr.	Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning.....	6
19. gr.	Ráðstafanir til varnar tjóni.....	6
20. gr.	Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.	6
21. gr.	Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni	7
22. gr.	Vátryggingarstaður	7
23. gr.	Endurkröfuréttur	7
24. gr.	Ágreiningur	7
25. gr.	Varnarþing.....	7

1. gr. Hverjir eru vátryggðir?

Vátryggingin er til hagsbóta fyrir vátryggingartaka/eiganda hins vátryggða. Vátryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins vátryggða. Vátryggingin fellur brott við eigendaskipti að hinu vátryggða.

2. gr. Vátryggingarsvið

Vátryggingin tekur til venjulegs, sléttis rúðuglers í húsi því eða húseignarluta sem getið er á vátryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittun.

Vátryggingin nær til þess er gler brotnar eftir að því hefur verið komið fyrir á þeim stað sem því er ætlað að vera á. Vátryggingin fellur niður ef glerið er tekið úr aftur.

Vátryggingin nær til kostnaðar vegna óhjákvæmilegrar uppsetningar bráðabirgðahlera í stað glers eftir bótaskýlt tjón.

Vátryggingin tekur til brots á gler- eða plastskiltum ásamt ljósabúnaði enda hafi þau verið vátryggð sérstaklega.

3. gr. Undanþegin áhætta sem vátryggja má sérstaklega

Vátryggingin tekur ekki til tjóns á gleri sem er sérstakrar gerðar t.d. litað, skreytt, sérslípað, bogið eða sandblásið svo og aukakostnaður vegna álíminga á gler nema það hafi verið vátryggt sérstaklega.

4. gr. Vátryggingin tekur ekki til:

Tjóns sem fólgið er í því að úr glerinu flísast eða það rispast án þess að brotna.

Skemmda af þenslu, vindingi eða ófullkomnu viðhaldi ramma eða lista.

Tjóns af völdum eldsvoða, eldingar eða annarrar áhættu sem lögboðin brunatrygging húsa nær til.

Tjóns af völdum byggingarframkvæmda eða viðgerðar utanhúss innan 10 metra frá glerinu, nema málunar eða venjulegs viðhalds húss. Félagið greiðir ekki heldur skemmdir vegna vinnu við breytingu nálægt glerinu eða ramma þess. Sama gildir um skemmdir sem raktar verða til sérstaks útbúnaðar á glerinu, t.d. loftloka eða vinnu við slíkan útbúnað.

Skemmda af lömpum eða hitatækjum sem notuð eru til að verja glerið frosti og móðu.

Tjóns vegna óþétttra samskeyta á tvöföldu eða þreföldu gleri.

Tjóns vegna útlitsbreytingar, svo sem ef um er að ræða litamun á þeim rúðum sem skipt er um og hinum sem fyrir eru.

5. gr. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns

Bætur félagsins miðast við verð á nýju gleri af sömu stærð og gæðum ásamt eðlilegum ísetningarkostnaði. Miða skal við viðgerðarkostnað eins og hann er þegar vátryggingaratburðurinn verður.

6. gr. Gildistími – endurnýjun - réttur til uppsagnar

Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur vátryggingin gildi á þeim degi, sem samningur um vátrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða vátryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

Endurnýjun

Vátrygging sem skal gilda í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp innan eins mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils. Uppsögn skal þó í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði áður en vátryggingartímabil er á enda, þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis.

Félaginu ber að tilkynna váttryggingartaka í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja váttrygginguna. Félagið getur gert breytingar á váttryggingaskilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar. Slíkar breytingar taka gildi frá næstu endurnýjun váttryggingarinnar.

Réttur til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. gr. og 15. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan;
4. eftir að tjón hefur orðið, ef
 - a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;
 - b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;
 - c. fjöldi tjóna á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

5. ef notkun hins váttryggða eða starfsemi váttryggðs breytist á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - a. félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar;
 - b. það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004;

6. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 30/2004.
7. Váttryggingartaki getur sagt váttryggingunni upp ef hann hefur ekki lengur þörf fyrir váttrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 30/2004.

7. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Fyrsta iðgjaldið fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 33. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi.

8. gr. Váttryggingarfjárhæðir - eigin áhætta - verðbreytingar

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um váttryggingarfjárhæðir og fjárhæð eigin áhættu. Þær fjárhæðir fylgja þróun verðlags í landinu og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs án húsnæðis frá upphafsdegi váttryggingartímabilsins. Fjárhæð iðgjalds váttryggingarinnar breytist með sama hætti í samræmi við váttryggingarfjárhæðina eins og hún er á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

Tjón bætast í samræmi við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Hið sama gildir um eigin áhættu. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 30/2004.

9. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan með einnar viku fyrirvara.

10. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004.

11. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga nr. 30/2004.

12. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en váttryggðs - reglur um samsömun

Ákvæði sem kveða á um að réttur váttryggðs til bóta skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis váttryggðs, eiga einnig við um bótarétt váttryggðs vegna samsvarandi háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 2. og 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004.

13. gr. Aukin áhætta

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina váttryggðu áhættu, svo sem um notkun og gerð hins váttryggða. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24. og 25. gr. laga nr. 30/2004.

14. gr. Undirtrygging

Nauðsynlegt er að váttryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins váttryggða. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna váttryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á váttryggingarfjárhæðinni og verði hins váttryggða.

15. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem váttrygging þessi tekur til eru einnig váttryggðir með annarri váttryggingu getur váttryggður valið úr hvaða váttryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

Ef fleiri en eitt váttryggingafélag bera ábyrgð á tjóni skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Því getur það félag, sem bætir tjónið, endurkrafið önnur félög hlutfallslega.

16. gr. Uppgjörsregla vegna skattafrádráttar eða endurgreiðslu virðisaukaskatts

Ef váttryggður getur nýtt kostnað vegna tjóns til skattafrádráttar eða hann á rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna endurbóta á hinu váttrygðða í kjölfar tjóns skulu bætur lækka sem því nemur.

17. gr. Tilkynning um tjón - ráðstafanir vegna tjóns

Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta.

18. gr. Frestur til að tilkynna um tjón - fyrning

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur fynnist samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004.

19. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar váttryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hættu er á því, að hann muni bera að höndum, skal váttryggður reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur haft í för með sér lækkun eða missi bóta, sbr. lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

20. gr. Stríð, verkföll, kjarnorka, hryðjuverk, náttúruhamfarir, o.fl.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem beint eða óbeint orsakast af styrjöld, innrás, aðgerðum erlendra óvina, ófriðaráttökum (hvort sem styrjöld hefur verið lýst yfir eða ekki) borgarastyrjöld, vopnaðri andspyrnu, byltingu, uppreisn, uppreisn gegn yfirvaldi, uppþoti, verkfalli, herstjórn eða valdránsstjórn, herlögum eða herkví eða atvik eða orsakir sem ráða úrslitum um að lýst sé yfir gildistöku herlaga eða umsátursástandi.

Félagið bætir ekki tjón eða kostnað sem að einhverju eða öllu leyti stafar beint eða óbeint af eða á upptök sín í eða frá:

1. jónandi geislun eða mengun af völdum hvers konar kjarnorkueldsneytis eða hvers konar kjarnorkuúrgangs eða brennslu kjarnorkueldsneytis;
2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá kjarnorkustöðvum, kjarnaofnum eða öðrum kjarnorkubúnaði eða hluta þeirra;
3. hvers konar vopnum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislaafli eða geislandi efni.

Félagið bætir ekki tjón, kostnað eða útgjöld sem beinlínis eða óbeinlínis stafa af lífefnamengun eða efnamengun vegna hvers konar hryðjuverka, án tillits til hugsanlegra samverkandi orsaka.

Hryðjuverk merkir hér verknað, þar með talið en ekki takmarkað við, valdbeitingu eða ofbeldi og/eða hótun um slíkt, af hálfu einstaklings eða hóps einstaklinga, hvort sem hann eða þeir starfa einir sér eða af hálfu eða í tengslum við ein eða fleiri samtök eða stjórnvöld, ein eða fleiri, og sem framinn er í stjórn mála eða trúarlegum tilgangi, í hugsjónatilgangi eða í þjóðernislegum tilgangi eða af slíkum ástæðum, þar með talið í því markmiði að hafa áhrif á stjórnvöld og/eða að vekja ótta hjá almenningi eða hjá hluta almennings.

Mengun merkir hér spillingu, eitrun eða hindrandi og/eða takmarkandi áhrif á notkun hluta og efna vegna áhrifa frá efnasamböndum og/eða lífefnum.

Félagið bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara. Tjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Viðlagatryggingu Íslands.

21. gr. Skýringarákvæði varðandi upplýsingatækni

Eignatjón sem váttryggt er gegn samkvæmt váttryggingu þessari eru efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir.

Efnisleg tjón á eignum sem eignaréttur fylgir taka ekki til tjóna á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegra breytinga á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum sem orsakast af eyðingu, afbökun eða af því að upphafleg gerð þeirra hefur afmyndast.

Þar af leiðandi eru undanskilin í váttryggingu þessari:

1. Tjón á upplýsingagögnum eða hugbúnaði, einkum skaðlegar breytingar á upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum, sem orsakast af því að þeim er eytt, þau afbökun eða upphafleg gerð þeirra er afmynduð svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.
2. Tjón, sem orsakast af því að dregið hefur úr virkni eða notagildi, notkunarsviði, eða aðgangi að upplýsingagögnum, hugbúnaði eða tölvuforritum svo og allt rekstrartap vegna stöðvunar eða röskunar á rekstri sem orsakast af slíku tjóni.

22. gr. Váttryggingarstaður

Sé annars ekki getið, tekur váttryggingin aðeins til tjóns er verður á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteininu.

23. gr. Endurkröfuréttur

Eigi váttryggður fébótakröfu á hendur öðrum vegna bótaskylds tjóns, öðlast félagið þann rétt að svo miklu leyti sem það hefur greitt váttryggðum bætur. Váttryggður skal í slíkum tilvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja kröfuna þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna.

24. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Með greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Málskotseyðublað vegna úrskurðarnefndarinnar er unnt að nálgast hjá félaginu, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu beggja nefndanna.

Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

25. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006 og koma í stað þeirra sem tóku gildi 1. janúar 1995.

[Efst á skjal](#)